



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

Hvaleyrarbraut 13 • 220 Hafnarfjörður • Iceland

Tel +354 565 5993 • Fax +354 565 5994

kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is

Hafnarfjarðarbær
Innk: 11/10 2016
Málsnr: 1610136
Bréfæl: 262.2

Hafnarfirði, 8. október 2016

Bæjarráð Hafnarfjarðar.
Strandgötu 6
Hafnarfirði

Erindi: Málefni Bæjarblós og Kvikmyndasafnsins, þegar rekstur blósins hefur verið auglýstur tvisvar laus til umsóknar með stuttu millibili síðari hluta ársins 2016.

Ágætu bæjarráðsfulltrúar,

Inntak bréfs þessa í ofurlítið breyttri mynd var sent til menningarmálanefndar Hafnarfjarðar hinn 1. október s.l. en beiðni bréfsins um skýringar á því hvers vegna Hafnarfjarðarbær sér ekki hag Bæjarblós borgið í höndum Kvikmyndasafnsins vísaði formaður nefndarinnar til bæjarráðs og því er erindinu beint til ykkar. Bréfið til menningarmálanefndar sem hér fer á eftir að mestu óbreytt hófst á því að minnt var á nýafstaðinn árlegan fund kvikmyndasafna Norðurlanda sem að þessu sinni var haldinn í Hafnarfirði í boði Kvikmyndasafnsins því umræður á þessum fundi er upptaktur þessara bréfaskrifa. Hér við bætist nýjasta auglýsing bæjarins eftir áhugasömum til að taka að sér rekstur Bæjarblós.

Svo sem bæjarráðsfulltrúum er kunnugt þá efndi bæjarstjóri til móttöku í Bæjarblói fyrir þáttakendur Norræna kvikmyndasafnafundarins, sem við erum þakklát fyrir enda var móttakan hin myndarlegasta og í alla staði vel við hæfi. Í framhaldi af henni var farið í Byggðasafnið og sameiginleg sýning Byggðasafnsins og Kvikmyndasafnsins, „Blóbærinn“, skoðuð. Seinna um kvöldið var kvikmyndasýning á vegum Kvikmyndasafns Íslands í Hafnarfjarðarkirkju við lifandi undirleik organista kirkjunnar á barokorgel hennar í tengslum við 110 ára afmæli upphafs reglubundinna kvikmyndasýninga á Íslandi nú í haust. Fundur kvikmyndasafnanna stóð í fulla 2 daga. Þar bar marga á góma, eins og nærri má geta, þar á meðal málefni Bæjarblós. Enginn skildi af hverju bæjaryfirvöld kjósa að halda úti eins konar fjölmenningshúsi með léttum skemmtidagskrám í þessu aldna og friðaða kvikmyndahúsi fremur en kvikmyndasýningum eins og þeim sem kvikmyndasöfn heimsins gangast fyrir að viðbættum öðrum viðburðum, sem auglýst yrði eftir til að jafnræðis yrði gætt (sbr. Ákvæði samningsdraga frá 2013-14). Okkur varðist eðlilega tunga um tönn þegar kom að því að reyna að útskýra þetta enda er það svo að þegar við lítum í eigin barm skiljum við sjálf ekki hvernig á þessu stendur þótt við höfum okkar grunsemdir um orsakir.

Nú er búið að gera tilraun með þessar skemmtanir, dægurlagasöng og hljóðfærslátt í blóinu í tvö ár. Varla hægt að tala um fjölmenningu í því sambandi. Kvikmyndasýningar hafa verið af og til á DVD diskum sem ætlaðir eru til einkanota en ekki til kvikmyndasýninga. Svo virðist sem lítið sé svo á að tilraunin hafi heppnast með hið nýja rekstrarform. Engu að síður er auglýst eftir nýjum og eins og það er orðað í auglýsingu áhugasömum rekstraraðila sem fengi húsið til ráðstöfunar næstu þrjú ár.

Ég undirritaður held að það geti ekki talist óeðlilegt þótt við á Kvikmyndasafninu, sem rákum kvikmyndasýningar í blóinu í 14 ár og sömdum við ýmsa viðburðahaldara um alls kyns uppákomur inn á milli blósýninganna eins og tónleika af ýmsu tagi, skólaskemmtanir, fundarhöld o.fl., fengjum í hendur stutta skýringu á því hvers vegna það sé ekki inni í myndinni lengur að Kvikmyndasafnið yfirtaki á ný reksturinn á Bæjarblói að fenginni reynslu bæjarins undan farin tvö ár sem og í ljósi þess að það hefur ekki gengið vel að laða áhugasama að rekstrinum að undanförmu (aðeins einn alvöru umsækjandi sýndi áhuga en ekki varð að samningum). Ég held að það sé óeðlilegt að Kvikmyndasafnið sækji um á þeim forsendum sem nú hafa verið birtar á heimasíðu bæjarins en það mega bæjarráðsmenn og konur vita að ef til þess kæmi að það reyndi á ákvæðið um að bærinn áskilji sér rétt til að hafna öllum umsóknum, eins og stendur í útboðsgögnum, og vilji leita til safnsins, þá erum við tilbúin til viðræðna á grundvelli þess samnings sem fyrir lá um áramótin 2013/14. Skv. honum hefðu kvikmyndasýningum fjölgað í þrjár reglubundar sýningar á viku og að auki yrði


ein viðburðarsýning í mánuði. Sá tími sem ekki yrði nýttur til kvikmyndasýninga yrði opinn fyrir viðburði við hæfi frá sjónarmiði hússins sjálfs og auglýsti safnið tvisvar á ári eftir slíkum viðburðum til að geta raðað þeim niður á dagskrárdagatal bíósins með góðum fyrirvara. Geta má þess til fróðleiks að í röðum starfsfólks Kvikmyndasafnsins eru tveir yngstu starfsmennirnir með rætur í popptónlistarbransanum með tengingar í fjölmargar áttir á því sviði. Aðrir starfsmenn beittu sér fyrir því að Kvikmyndasafnið flutti í Hafnarfjörð og að Bæjarbíó var gert upp fyrir háar upphæðir úr ríkissjóði og lögðu á sig fórnfúst starf utan venjulegs vinnutíma án yfirvinnugreiðslna við að koma sýningum á með láni á kvikmyndum úr kvikmyndasöfnum erlendis til viðbótar við þær myndir sem safnið varðveitir sjálft. Prentaðar dagskrár voru gefnar út og oft þurfti að útbúa kvikmyndaefnið sérstaklega með skönnun, klippingu og frágangi á diskum (kvikmyndagerð). Okkur finnst eins og þessi beiðni um skýringar sé því ekki úr lausu lofti gripin.

Hér við bættist sú staðreynd að Kvikmyndasafn Íslands er eini aðilinn sem getur viðhaldið Bæjarbíó sem cinematek kvikmyndahúsi (safnbíó), sem að sú sérstaða sem það býr yfir kallar eftir, og haldið merkilegri sögu þess á lofti. Einnig er líklegt að safnið geti komið sér upp nútíma stafrænum sýningarbúnaði (DCP) yrði því búin örugg framtíð í húsinu. Fyrir vikið yrði hægt með góðum vilja að gera Bæjarbíó smám saman að einstökum menningarvettvangi ekki bara á landsvísi heldur á heimsvísu sem myndi laða að innlenda og erlenda ferðamenn að ekki sé minnst á kvikmyndaáhugafólk, skólanemendur og aðra áhugasama um hina ýmsu viðburði. Nýlega var fjallað um stöðu sams konar kvikmyndahúsa í heiminum á ráðstefnu Alþjóðasambands kvikmyndasafna og er það sláandi hvað kvikmyndahúsum eins og Bæjarbíó með einum sal og tveimur 35mm sýningavélum hefur fækkað ört undanfarin ár og að þau skuli hreinlega ekki vera til í sumum löndum. (Það eru einungis slík kvikmyndahús sem systursöfn Kvikmyndasafnsins myndu lána 35mm filmur til sýninga). Hafnarfjarðarbær er því með meiri verðmæti í sínum höndum, sem er þetta bíó sem bíó, heldur en ráðamenn og bæjarbúar gera sér nógsamlega grein fyrir.

Sú vegferð sem lagt hefur verið upp í undanfarin tvö ár er semsé illskiljanleg venjulegu menningarlega sinnuðu fólki eins og þrúfaldlega kemur fram á förunum vegi en ýmsir aðrir hafa að vísu fagnað og hafa þá aðrar ástæður í huga eins og gengur. Það hvílir á okkur að reyna að skilja til fulls ástæður og framtíðarsýn menningarmálanefndar og bæjarráðs Hafnarfjarðar í þessu máli svo við getum skýrt hana fyrir sjálfum okkur og öðrum bæði hér heima og erlendis og hún liggja þannig rétt fyrir í sögulegu ljósi fyrir eftirkomendur okkar. Þess vegna bið ég ykkur um að upplýsa okkur Kvikmyndasafnsfólk hver sé ykkar stefna í málefnum Bæjarbíós. Þó svo við höfum fjarlæggt eigur safnsins úr bíóinu er enn hægt að koma þeim upp aftur og ef rétt er skilið í uppgefnum útboðsforsendum að bærinn hyggist koma sér upp sýningartjaldi í bíóinu þá þyrfti að vera hægt að sýna myndir á því tjaldi en engar sýningarvélar eru í húsinu sem stendur. Sé það svo að áform eru uppi um að vera með uppdraganlegt tjald þá felst ekki í því sú virðing sem talað hefur verið um í garð hússins, því slík tjöld er ekki hægt að ramma inn fyrir hin mismunandi stærðarform kvikmynda eins og á við um það tjald sem Kvikmyndasafnið lét setja upp í húsið forðum en nú er í fórum safnsins. Víða um land hafa uppdraganleg tjöld verið upphafið á endalokum kvikmyndasýninga. Það er því spurning hvort fjárfesting í slíku tjaldi sé góð.

Annað sem mun þurfa að afgreiða fljótlega og rætt hefur verið um við bæinn er samkomulag um bætur fyrir þann búnað sem safnið hefur skilið eftir í bíóinu og þá bíóhátalara sem skemmdust í höndum fyrri rekstraraðila. Þessar kröfur horfðu öðruvísi við ef safnið kæmi aftur að rekstrinum. Það myndi létta á útgjöldum bæjarins.

Erindi þessa langa bréfs má hér að lokum draga saman í eftirfarandi spurningu: Er hægt að fá úr því skorið hvað það er sem veldur því að menningarmálanefnd og bæjaryfirvöld telja sig ekki geta náð markmiðum sínum varðandi rekstur Bæjarbíós með því að fela hann Kvikmyndasafni Íslands á nýjan leik?

Virðingarfyllt,
f.h. Kvikmyndasafns Íslands

Erlendur Sveinsson, forstöðumaður